

Fjárlaganefnd

Þökk sé aga og festu í ríkisfjármálum síðustu ár var Ísland í hópi þeirra ríkja sem best gátu brugðist við efnahagsáföllum vegna heimsfaraldurs COVID-19. Nú stendur ríkissjóður frammi fyrir nýjum áskorunum vegna hárrar verðbólgu og viðkvæmrar stöðu í heimbúskapnum. Koma þarf böndum á ríkisreksturinn sem fyrst svo ríkissjóður verði betur í stakk búinn til að takast á við þessar áskoranir sem og óvænt áföll í framtíðinni.

Verðbólga

Eitt helsta viðfangsefni ríkis og sveitarfélaga er að styðja peningamálastefnuna og hagstjórn í baráttunni við verðbólgu. Verðbólga bitnar verst á þeim sem minnst hafa milli handanna auk þess sem hún dregur úr verðmætasköpun til lengri tíma litið. Því er mikilvægt að ná tókum á verðbólgunni og tryggja þann kaupmátt sem áunnist hefur á undanförunum árum.

Húsnæðismarkaður vegur þungt í mælingum á verðbólgu. Mikilvægt er að skipulagsyfirvöld, einkum sveitarfélögin, tryggi gott framboð byggingarlands svo að framboð af nýju húsnæði sé í samræmi við eftirspurn.

Mikilvægt er að í þeim kjarasamningum sem framundan eru semji aðilar vinnumarkaðarins sín á milli án aðkomu ríkisins.

Almenni markaðurinn á að leiða launaþróun en ekki ríki og sveitarfélög. Laun eru stærsti útgjaldaliður ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög tryggi að kjarasamningar við opinbera starfsmenn séu í takti við þróun kaups og kjara á almennum markaði.

Ríkisútgjöld

Langtíma jafnvægi í ríkisfjármálum og sterk staða ríkissjóðs eru forsendur öflugs efnahagslífs, lágra vaxta og stöðugleika í gjaldeyrismálum. Nú sem endranær þarf því að gæta aðhalds í ríkisútgjöldum og halda aftur af skuldasöfnun ríkissjóðs. Óásættanlegt er að byrðum verði velt yfir á herðar komandi kynslóða. Við þá vinnu þarf að skerpa á

stefnumótun í ríkisfjármálum þannig að tryggt sé að fjármunir skattgreiðenda séu nýttir með hagkvæmum hætti og renni fyrst og fremst í nauðsynlega þjónustu, til þeirra sem sannarlega þurfa á henni að halda.

Í stað þess að mæla árangur aðeins í útgjöldum þarf að þróa mælikvarða sem endurspeglar jafnframt gæði veittrar þjónustu og ánægju þeirra sem hana þiggja.

Auka þarf á næstu árum fjármagn til uppbyggingar ýmissa innviða í íslensku samfélagi. Nauðsynlegt er í þeirri uppbyggingu að nýta kosti einkaframtaks í samstarfi við ríkisvaldið. Lífeyrissjóðir landsmanna þurfa nauðsynlega að eiga möguleika á fjárfestingum í samfélagslega arðbærum langtíma verkefnum. Mikilvægt er að skapa traustan ramma utan um slíkt samstarf og tryggja þjóðfélagslega sátt um tekjuforsendur slíkra verkefna.

Lækkun skatta

Eitt af lykilatriðum til þess að efla samkeppnishæfi Íslands og þar með að bæta lífskjör, er að lækka skatta á einstaklinga og fyrirtæki.

Skattkerfið hefur tekið jákvæðum breytingum og fagna ber þeim áföngum sem náðst hafa á síðustu árum.

- Tekjuskattur hefur lækkað, mest hjá þeim tekjulægstu.
- Stimpilgjald við endurfjármögnun lána var afnumið
- Frítekjumark fjármagnstekjuskatts hefur verið hækkað
- Tryggingagjald og virðisaukaskattshlutfall hefur verið lækkað.

Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut.

Lækka þarf virðisaukaskattshlutfallið enn frekar og einfalda virðisaukaskattskerfið t.d. með sameiningu skattþrepanna og niðurfellingu virðisaukaskatts á afmarkaða vöruflokka og þjónustu. Lækka þarf tekjuskatt á einstaklinga og íþyngjandi gjöld, eins og tryggingagjaldið, á fyrirtæki. Mikilvægt er að halda áfram á þeirri vegferð að örva atvinnulífið með sérstökum skattalegum hvötum.

Mikilvægt er að endurmeta reglulega leiðir og aðferðir til að koma í veg fyrir skattaundanskot.

Í ljósi tæknibreytinga er nauðsynlegt að endurskoða hvernig staðið er að innheimtu gjalda á bifreiðar.

Útvistun verkefna

Í stað þess að fjölga opinberum störfum eiga ríki og sveitafélög að rýmka til fyrir einkaaðilum þannig að þeir geti tekið að sér verkefni og stuðlað að nýsköpun í opinberri þjónustu með auknu kostnaðarhagræði og bættu þjónustuframboði.

Koma þarf í veg fyrir að útgjöld vegna tímabundinna verkefna verði að varanlegum útgjöldum ríkisins og þar með hærrí álögm á einstaklinga og fyrirtæki til lengri tíma.

Ríkisfyrirtæki og stofnanir eiga ávallt að velja það sem fyrsta kost að bjóða út verkefni og ætíð að kanna hvort þjónustunni sé betur farið í höndum einkaaðila.

Vegna hækkandi aldurs þjóðarinnar og aukins kostnaðar í heilbrigðisþjónustu er mikilvægt að nýta fjölbreytt rekstrarform til að fjármunir skattgreiðenda skili góðri þjónustu. Í þessu samhengi er lagt til að fjármunir vegna þjónustu við hvern sjúkling verði látnir fylgja viðkomandi einstaklingi óháð rekstrarformi þess sem veitir þjónustuna.

Stjórn ríkisfjármála

Mikilvægt er að unnið verði eftir þeim markmiðum, sem fram koma í lögum um opinber fjármál, um hvenær stefnt skuli að sjálfbærni rekstrar og skulda ríkissjóðs.

Ísland á að vera áfram í hópi þeirra ríkja sem hafa lægst hlutfall opinberra skulda af þjóðarframleiðslu.

Mikilvægt er að í ríkisreikningi komi skýrt fram hverjar heildar skuldbindingar og ábyrgðir ríkisins eru á hverjum tíma og þær færðar til núvirðis. Að sama skapi ættu allar skuldbindingar að koma fram í efnahagsreikningi og teljast meðal skulda ríkissjóðs.

Nauðsynlegt er að fram fari stöðug endurskoðun á útgjöldum hins opinbera og kerfisbundið farið yfir hvað af þeim verkefnum sem nú eru á hendi ríkisins væri betur fyrir komið hjá öðrum. Ríkið hefur fjölmörg tækifæri til að færa þjónustu yfir til einkaaðila og tryggja um leið betri þjónustu og jafnræði borgaranna óháð efnahag eða búsetu. Leggja þarf áherslu á að forgangsraða verkefnum og gera þarf notendum

opinberrar þjónustu kleift að velja veitanda þjónustunnar óháð rekstrarformi, þar sem því verður við komið.

Jafnframt þarf að fara fram endurskoðun á því hvaða verkefnum ríkisvaldið á að sinna. Á undanförunum árum og áratugum hefur ríkisstarfsmönnum fjölgað og umfang hins opinbera hefur vaxið úr hófi. Hætta er á að þessi umsvif dragi úr þrótti efnahagslífsins og leiði til skertra lífskjara Íslendinga. Til lengri tíma verður að horfa til þess að hlutfall opinberra starfsmanna á vinnumarkaði lækki. Tækni- og samfélagsbreytingar ásamt þróun efnahagsmála ýta undir nauðsyn þess að endurskoðun sem þessi fari reglulega fram.

Endurskoða þarf verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Efla þarf kostnaðarmat sveitarfélaga vegna þeirrar þjónustu sem þau veita og tryggja sem best að við lagasetningu er snýr að verkefnum sveitarfélaganna hafi raunhæft og ítarlegt kostnaðarmat verið unnið. Framfylgja þarf betur að sveitarfélög fylgi reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga. Megin leiðarljós í rekstri sveitarfélaga verður að vera fjárhagsleg sjálfbærni til lengri tíma. Brýnt er að ríki og sveitarfélög nýti sér þau tækifæri sem fólgin eru í stafrænni þjónustu. Hún eykur framleiðni og stuðlar að betri nýtingu opinberra fjármuna og bættri þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki.

Setja þarf markmið um hversu stórum hluta mennta- og heilbrigðiskerfisins sé betur komið í höndum einkaaðila. Lagt er til að horft verði til annarra Norðurlanda hvað þessi hlutföll varðar. Með því verði leitast við að auka gæði menntakerfisins á sama tíma og tryggt verði að börn og ungmenni njóti sambærilegrar menntunar óháð efnahag eða félagslegri stöðu foreldra þeirra.

Innleiða ætti útgjaldareglu í lög um opinber fjármál til þess að hemja útgjaldavöxt hins opinbera svo það ýti ekki undir þenslu í hagkerfinu.

Sala ríkiseigna

Áfram verði haldið við sölu ríkiseigna þar sem því verður við komið. Tryggja þarf að sala ríkiseigna sé þannig að öllum kröfum um gagnsæi og jafnræði sé fullnægt á sama tíma og ríkissjóður fái sanngjarnt verð fyrir eignir sínar. Slíkar sölur afla ekki einungis ríkissjóði tekna, þær eru til þess fallnar að leysa úr læðingi nýsköpun og bættu þjónustu fyrir neytendur.

Eftirfarandi rekstur á ríkið að setja í forgang að koma í söluferli eða leggja af:

- **Íslandsbanka og Landsbankinn:** Ríkið á ekki að vera í áhættutöku og samkeppnisrekstri á fjármálamarkaði til lengri tíma
- **Áfengis og tóbaksverslun ríkisins:** Það er tímaskekkja að ríkið sé með einokun á áfengisverslun.
- **Íslandspóstur:** Umhverfi pósthjónustu hefur breyst mjög mikið síðustu áratugi og tími til að endurskoða hlutverk ríkisins á þessum vettvangi.
- **Ríkisútvarpið:** Tilgangur og hlutverk Ríkisútvarpsins hefur breyst. Mikilvægt er að endurskoða forsendur og umfang núverandi rekstrarfyrirkomulags með það að markmiði að kanna hvort rekstrinum sé að öllu leyti eða hluta til betur komið í höndum einkaaðila.
- **Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.:** Endurskoða þær fjárfestingar sem tilheyra félaginu og eru betur komnar í höndum einkaaðila.
- Rekstri og eignarhaldi flugstöðva og flugvalla.
- Selja rekstur fríhafnaverslana á flugvöllum landsins.
- Sala á jörðum og lóðum í eigu ríkisins þar sem því verður við komið.